

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 7/2003

frá 31. janúar 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2002 frá 27. september 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/48/EB frá 30. maí 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum ípróvalikarbi, prósuílfúroni og súlfósúlfúroni ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/64/EB frá 15. júlí 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum sínídonetýli, sýalófoþbútýli, famoxadoni, flórasúlami, metalaxýli-M og píkólínafeni ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32002 L 0048:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/48/EB frá 30. maí 2002 (Stjtið. EB L 148, 6.6.2002, bls. 19),
- **32002 L 0064:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/64/EB frá 15. júlí 2002 (Stjtið. EB L 189, 18.7.2002, bls. 27).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 336, 12.12.2002, bls. 25 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 61, 12.12.2002, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 148, 6.6.2002, bls. 19.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 189, 18.7.2002, bls. 27.

2. gr.

Texti tilskipana 2002/48/EB og 2002/64/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.